


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 3	Hönnun og hugmyndavinna HTL104 Kennsluáætlun vorönn 2013	

Nafn kennara:	Karín M.	Sk.	KAR
Viðtalstími:	Sveinbjörnsdóttir	Stöfun:	karin@vm
	föstud. Kl.11:20 -	Netfang	a.is
	12:00	:	

Áfangalýsing:


Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum alhliða hugmyndavinnu. Nemendur vinna eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar, greiningar og túlkunar og þróuð þannig færni nemendans til þess að starfa sjálfstætt, setja fram hugmynd, meta og gagnrýna eigið verk. Hver nemandi kynnir verkefni sín og rökstyður þær lausnir sem notaðar eru. Lausnir eru gagnrýndar af kennurum og samnemendum og áhersla er lögð á umræður um verkefni. Nemendur læra að þekkja helstu vefjarefni, eiginleika þeirra og vinnslu á t.d. ull, bómull, hör, silki og hálf- og algerviefni. Til þess að nemendur skilji betur hvernig vefjarefni verða til fá þeir æfingu í því að kemma og spinna ull, prjóna og þæfa úr henni prufur. Farið verður í vettvangsferðir á söfn og í fyrirtæki þar sem nemendur fá meðal annars tækifæri til að kynnast vinnslu á prjónavöru, skinum og ull.

Áfangamarkmið:

Að nemandinn:

skilji sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
geti þróað hugmynd eftir markvissu þróunarferli
geti sett fram hugmynd bæði munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
kunni að tileinka sé nýngar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
geti unnið með hönnun sína í myndvinnslu og mynsturforritum
hafi lært að þekkja liti, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar
hafi þjálfað litasamsetningu fyrir textílhönnun
geti nýtt sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
sér fær um að rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt
þekki flokkun textílhraefna í náttúru-, dýra- og gervitrefjar og eiginleika þeirra
þekki mismunandi aðferðir við að vinna ýmis textílhraefni
þekki mismunandi vef- og prjónaaðferðir með tilbúnum efnum
viti hvernig efni í fatnað og til híbýla er valið eftir eiginleikum, gæðum og notagildi
geti valið efni út frá gæðaflokkum
geti flokkað efni út frá trefjum og brunaprófum
þekki staðlaðar alþjóðlegar meðferðamerkingar

Námsmat:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambykkt:SHJ		
Síða 2 af 3	Hönnun og hugmyndavinna HTL104	
	Kennsluáætlun vorönn 2013	

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Tekið er tillit til færni nemenda í þáttum eins og litasamsetningu, úrvinnslu, sjálfstæðis í vinnubrögðum, dagbókafærslum, frágangs og ástundunar í tíma og heimavinnu á milli tíma.

Námsmat	Lýsing	Vægi
	Monoprykk og litaprufur	5 %
Lota 1	Skissað út frá hlut	15,00%
Lota 2	Vettvangsskissur	15,00%
Lota 3	Þema	15,00%
Skissubók/Dagbók	Skissur, tilraunir, skráning verkefna og pælingar	15,00%
Vinnubók í textílfraeði	Vinnubók og verkefni tengt textílfraeðinni, prufur og tilraunir.	25 %
Frammistaða á önn	Frammistaða í tímum, heimavinna og mætingar	10 %

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 12 stig eða 12 kennslustundir. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Skipulag annarinnar:

Hugmyndavinnan verður kennt sex kennslustundir í viku og textílfraeðin tvær kennslustundir á viku.

Vika	Námsefni/Verkefni
1-3	Monoprykk og litaprufur.
4-7	1. Lota: Skissað út frá hlut
8-10	2. Lota: Vettvangsskissur
11-15	3. Lota: Þema
	Vinnubók og verkefni tengt textílfraeðinni, prufur og tilraunir.

Innkaup:

Nemendur þurfa að kaupa og eiga góða skissubók, möppu í stærð A3, dagbók, liti, blýanta, pappírsskæri, pappírslím.


Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar ,
Karín M. Sveinbjörnsdóttir

Dagsetning:
Undirritun kennara



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Hönnun og hugmyndavinna HTL104 Kennsluáætlun vorönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils
